

Námsþættir	Inntak og markmið	Kennsluhættir	Námsmat
<p>Lesna heima daglega</p> <p>Nafnorð</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- kyn</li> <li>- tala</li> <li>- greinir</li> <li>- sérnöfn</li> <li>- samnöfn</li> </ul> <p>Lýsingarorð</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- stigbreyting</li> </ul> <p>Sagnorð</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- nafnháttur (að fyrir framan)</li> </ul> <p>Sér- og samhljóðar</p> <p>Stafrófið</p> <p>Samheiti og andheiti</p> <p>Samsett orð</p> <p>Algengustu orðin</p> <p>Spurnarorð</p> <p>Ljóðagerð</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- endarím</li> </ul> <p>Töluorð</p> <p>Ng- og nk- reglan</p> <p>Mjúkt og hart g</p>	<p>Talað mál, hlustun og áhorf</p> <p>Að nemandi geti :</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt skýrum og áheyrilegum framburði,</li> <li>• tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu,</li> <li>• sagt frá effirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið,</li> <li>• hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni,</li> <li>• nýtt sér og endursagt efni á rafrænu formi,</li> <li>• átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.</li> </ul> <p>Lestur og bókmennir</p> <p>Að nemandi geti :</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr,</li> <li>• nýtt góðan orðaforða við að skilja texta og ráðið í merkingu orðs út frá samhengi,</li> <li>• tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess,</li> <li>• valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesið sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings,</li> <li>• lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum,</li> <li>• beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap,</li> <li>• beitt fáeinum algengum hugtökum í bragfræði svo sem rími, kvæði, vísu og ljóðlínu,</li> <li>• aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi,</li> <li>• lesið úr táknmyndum og myndrænu efni, svo sem einföldum skýringarmyndum, kortum og myndritum,</li> <li>• valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju</li> </ul> <p>Ritun</p> <p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• dregið rétt til stafs og skrifað skýrt og læsilega,</li> <li>• nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi,</li> <li>• samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð,</li> </ul>	<p>Unnið með tal, hlustun, lestur og ritun felld í eina heild undir hatti læsis.</p> <p>Ennfremur eru sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforði, setningabygging og málfræði tengd inn í ferlið.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Hljóðaaðferð</li> <li>- Byrjendalæsi</li> <li>- innlögn</li> <li>- umræður</li> <li>- hlustun</li> <li>- verkefnavinna</li> <li>- einstaklingsvinna</li> <li>- samvinnunám</li> <li>- samræðuaðferðir</li> <li>- uppgötvunarnám</li> <li>- námsleikir</li> <li>- spil</li> <li>- útikennsla</li> <li>- söngur</li> <li>- endurtekning</li> <li>- sýnikennsla</li> <li>- bein kennsla</li> <li>- tvenndarvinna</li> <li>- hópavinna</li> <li>- föndur</li> <li>- stöðvavinna</li> <li>- hringekjur</li> </ul>	<p>Leiðsagnarmat</p> <p>Leiðsagnarmat er mat sem lagt er fyrir nemendur jafnt og þétt allt námsárið með það að markmiði að nota niðurstöðurnar til að bæta námsárangur og kennslu. Leiðsagnarmat eflir námsvitund nemenda og eykur skilning þeirra á því hvað og hvernig þeir læra og hvernig þeir geta hagað námi sínu til að ná sem bestum árangri.</p> <p>Skil á heimalestri</p> <p>Símat byggt á lykilhæfni:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- virkni</li> <li>- vinnubrögð</li> <li>- færni</li> <li>- skilningur</li> <li>- einbeiting</li> </ul> <p>Lesskilningsathugun</p> <p>Lesferill MMS</p> <p>Sjálfsmat og jafningjamat</p> <p>Hæfnieinkunn gefin fyrir hvern þátt samkv. aðalnámskrá</p>

<p>Hlutföll stafa</p> <p>Orðabil</p> <p>Greinamerki</p> <p>Sögugerð</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- umhverfi</li> <li>- persóna</li> <li>- upphaf</li> <li>- miðja</li> <li>- endir</li> </ul> <p>tvöfaldur samhljóði og samhljóða-sambönd</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi,</li> <li>• nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis,</li> <li>• skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu,</li> <li>• skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda</li> </ul> <p>Málfræði</p> <p>Að nemandi geti:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska,</li> <li>• þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein,</li> <li>• raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag,</li> <li>• gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða,</li> <li>• leikið sér með ýmis einkenni tungumálsins, svo sem margræðni orða og fundið kyn og tölu,</li> <li>• búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta,</li> <li>• greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta,</li> <li>• leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki,</li> <li>• gerir sér grein fyrir markmiði þess að læra íslenska málfræði.</li> </ul>		
---	---	--	--

Námsefni: Ýmsar barnabækur og verkefni unnið skv. Byrjendalæsi.

Meginmarkmið með íslenskunámi er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málsins og nái góðu valdi á því og geti beitt tungumálinu sem öflugtu tæki við skapandi störf og leik. Það skiptir miklu að nemendur átti sig á því hve mikilvæg íslenskan er fyrir hugsun þeirra, sjálfsmýnd og framtíð í námi og starfi. Lestur er öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar, en málfræði og réttiritun hjálpa til við tjáningu í ræðu og riti sem er forsenda fyrir virkri þátttöku í samfélaginu.

Hæfnieinkunn	 Framúrskarandi	 Hæfni náð	 Á góðri leið	 Þarfnast þjálfunar	 Hæfni ekki náð
--------------	--	---	--	--	--